

Brjef stjórnarráðsins til bæjarfógetans í Reykjavík um innflutning á hundi.**23**

Stjórnarráðinu hefir borist beiðni frá Sigurði Guðmundssyni afgreiðslumanni hjer í bænum, um að honum verði leyft að flytja hjer í land hund frá útlöndum, ættaðan frá Spáni.

6. febr.

Eftir að hafa leitað álits dýralæknisins í Reykjavík um þetta mál, hefir stjórnarráðið, samkvæmt lögum nr. 56 frá 10. nóv. 1905, sbr. lög nr. 25, 9. júlí 1909, veitt leyfi til þessa með eftirfarandi skilyrðum:

1. að dýralæknir skoði hundinn áður en hann er fluttur í land og hafi ekkert við heilbrigði hans að athuga.
2. að hundinum sje haldið í sóttkvi, svo að hann komi eigi saman við aðra hunda, undir umsjón dýralæknis í 35 daga, og að hann eftir þann tíma reynist að öllu leyti heilbrigður.

Þetta er yður, herra bæjarfógeti, hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar, að því viðbættu, að nefndum afgreiðslumanni hefir verið tilkylnt leyfi þetta hjeðan.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Arnessýslu um sveitfesti þurfalings.**24**

Borgarstjórinn í Reykjavík hefir með brjefi, dags. 11. f. m., áfrýjað til stjórnarráðsins úrskurði yðar, herra sýslumaður, dags. 17. nóv. f. á., um ágreining milli hreppsnefndar Gnúpverjahrepps og sín útaf sveitfesti Einars Einarssonar, Laugaveg 72 hjer í bænum, sem viðurkent er, að fæddur sje í Háholti í Gnúpverjahreppi hinn 9. apríl 1858, en maður þessi varð sveitarstyrksþurfandi hjer í bænum um miðjan nóvembermánuð 1910, og sýna skjöl málsins, að hinn 9. des. það ár hafði hann þegið 35 kr. styrk.

7. febr.

Eftir þeim skýrslum, sem liggja fyrir í málinu, verður að telja sannað, að þurfamaður þessi hafi hvergi verið búinn að vinna sjer sveit, er hann fjekk leyfi til að setjast að í Reykjavík haustið 1900. Hefir hann dvalið þar síðan og enginn styrkur verið veittur úr bæjarsjóði fyr en í nóv. 1910 eins og áður er greint, eða eftir að hann hafði dvalið þar rúmlega 10 ár samfleytt. Hinsvegar er það upplýst í málinu, að hann hafði á árunum 1908, 1909 og 1910 verið hjálparþurfi og öll þau ár notið riflegs styrks úr Gnúpverjahreppi. Styrk þenna taldi borgarstjórinn í Reykjavík sveitarstyrk og krafðist því, að hreppsnefnd Gnúpverjahrepps viðurkendi sveitfesti manns þessa þar, og greiddi $\frac{2}{3}$ hluta hins veitta styrks. Hreppsnefnd Gnúpverjahrepps hjelt því aftur á móti fram, að styrkur þessi gæti eigi talist sveitarstyrkur, þarsem hann væri veittur með samskotum hreppsþúa, en eigi úr sveitarsjóði. Leiddi þetta til áðurnefnds úrskurðar yðar, sem kveður svo á, að umræddur þurfamaður skuli teljast sveitlægur í Reykjavík. Úrskurðinum hefir síðan verið áfrýjað hingað, eins og fyr er greint, og þess krafist, að honum verði hrundið og þurfamaðurinn úrskurðaður sveitfastur í fæðingarrhrepnum, og hann skyldaður til að greiða $\frac{2}{3}$ hins veitta styrks.

Samkvæmt skýrslum þeim, sem hreppsnefnd Gnúpverjahrepps hefir gefið um samskot þar í hreppi handa þurfamanni þessum, hafa flestir búandi menn í